

Vorfundur 2006

VORFUNDUR SFA 10. -12. MAÍ 2006

Dagskrá:

Miðvikudagur 10.maí: Amtsbókasafninu á Akureyri

20:00 Aðalfundur SFA, opið hús í safninu á eftir, léttar veitingar

Fimmtudagur 11. maí: Ketilhúsið á Akureyri

10:00-10:10 Ávarp gestgjafa Hólmkels Hreinssonar

10:10-10:30 Kynning Landsfundarnefndar Upplýsingar á Landsfundinum í haust.

10:35-11:15 Ný nálgun - nýjar áherslur við innheimtu safngagna

Grétar Eggertsson ráðgjafi, Intrum á Íslandi

11:15-12:00 "Gegnir - hvað er í spilunum?" Sigrún Hauksdóttir

12:00-13:00 Matur á Karolina Café og restaurant <http://www.karolina.is/>

13:00-17:00 Skoðunarferð um Akureyri með fararstjóra.

Rútuferð út á Árskógströnd, 2ja klst. bátsferð þar sem fólki gefst kostur á að smakka glænýja bláskel beint úr sjónum (samt elduð fyrst) jafnvel ásamt einhverju fleira skemmtilegu sem kemur úr kafinu. Einnig verður fólki boðið upp á að renna fyrir fisk sjálft ef áhugi er fyrir hendi.

Ekið til baka til Akureyrar. (Hér þarf hlý föt)

17:00-19:00 Frjáls tími

19:30-22:00 Kvöldverður á Strikinu - Parken boði Bæjarstjórnar Akureyrar

Föstudagur 12. maí: Ketilhúsið á Akureyri

10:00-12:30 Um bækur og bókasöfn:

Brynhildur Þórarinsdóttir bókmenntafræðingur og bæjarlistamaður Akureyrar fjallar um bækur og framtíð þeirra.

Bókasöfn framtíðarinnar Chris Batt forstjóri MLA í Bretlandi og Adrienne Batt yfirbókavörður í Croydon

12:30-13:30 Matur á Karolina Café og restaurant <http://www.karolina.is/>

13:30-15:30 Heilabyllur (brainstorming) félagsmanna um styrk og veikleika íslenskra bókasafna út frá fjórum meginþáttum:

- Hefðbundinn safnkostur
- Stafræn gögn
- Húsnæði og búnaður
- Starfssvið bókavarða

15:30-16:00 Kaffihlé

16:00-16:50 Framlagn hugmynda og ákvörðun um framhald.

17:00 Fundarslit

Fundargerð:

Fimmtudagur 11. maí: Ketilhúsið á Akureyri

10:00-10:10 Ávarp gestgjafa Hólmkels Hreinssonar

Hólmkell bauð gesti velkomna og vonaði að þetta yrði fundurinn þar sem góðu hugmyndir fengjust og yrðu að öllum góðu verkunum sem yrðu síðan að góðum bókasöfnum.

Pálína Magnúsdóttir, fundarstjóri 11. maí

10:10-10:30 Kynning Landsfundarnefndar Upplýsingar á Landsfundinum í haust.

Hlíf Arndal fór í stuttu máli yfir dagskrá Landsfundar sem verður haldinn á Selfossi 6.-7. október næst komandi.

10:35-11:15 Ný nálgun - nýjar áherslur við innheimtu safngagna

Grétar Eggertsson ráðgjafi, Intrum á Íslandi og Helgi Ómar Pálsson, þjónustustjóri á Akureyri.

Grétar sagði stuttlega frá Intrum og hvar starfsstöðvar fyrirtækisins eru.

Samstarf við bókasöfn hófst í byrjun árs 2003 en næstu söfn komu inn árið 2005. Núna eru sex bókasöfn sem notfæra sér þjónustu Intrum og fleiri söfn að koma inn.

Intrum fór að vinna markvisst með Landskerfi fyrir um það bil ári síðan en það er nauðsynlegt að Gegnir og Intrum geti unnið saman því það auðveldar vinnu fyrir bókasöfnin varðandi innheimtu. Nauðsynlegt er að mynda fjarlægð frá kröfuhafa á ákveðnum tímapunkti. Flestir teygja sig eins langt og þeir geta. Áherslan breytist hjá greiðenda þegar hann veit hvaða tímalengd hann hefur. Lánþegar vita hvenær þeir eru komnir í bann og vita hvenær málin eru komin í innheimtu til Intrum. Vinnan mun breytast inni á bókasöfnunum. Þau senda ekki út rukkbréfin sjálf heldur verða meira í samskiptum út á við.

Nýtt innheimtuferli bókasafna.

1. bréf úr Gegni er venjulegt.

2. bréf úr Gegni – Logo (stimpill) Intrum kemur fram á bréfinu og gefinn er ákveðinn frestur. Þegar sá frestur rennur út sendir Intrum út innheimtubréf. Þetta á ekki að koma lánþeganum á óvart.

Landskerfi sendir lista til safnanna yfir þá sem eru í vanskilum og listinn er yfirfarinn af viðkomandi safni og sendur aftur til Landskerfis sem sendir síðan listann áfram til Intrum. Landskerfi bannmerkir þá sem eru í vanskilum.

Þegar innheimtubréfið er sent frá Intrum er málið komið úr höndum bókasafnanna og lánþegar verða að snúa sér til Intrum. Þaðan fer málið í ákveðinn farveg sem getur endað með því að það er sett í kröfuvakt ef ekkert er gert. Hægt er að setja málin í lögfræðinni heimtu en það er val safnanna – á helst við ef um dýrt safnefni er að ræða.

Hafa ber í huga að lögdur ræður – bréf eru send á forráðamenn. Intrum getur keyrt út innheimtubréf vegna barna með því að nota svokölluð fjölskyldunúmer.

Markmið með breyttum innheimtuaðgerðum er að útlánatími safngagna verði þekktur og virtur, að aðgerðir við innheimtu skili hámarksárangri, fjármagn til efniskaupa nýtist betur, færri safngögn fari til innheimtu og að starfsfólk bókasafna geti einbeitt sér að þjónustu við lánþega.

Nafn Intrum á bréfi hefur áhrif! Aðgerðir skila á bilinu 40-60% árangri áður en Intrum sendir út sín bréf – fljótt að vinda upp á sig og vinna safna við bréfastærð minnkar. Trassaskapur hjá lánþegum þar sem það er enginn hvati fyrir þá að ganga frá sínum málum. Lánþegum finnst jákvætt ef þeir geta skilað inn gögnunum og höfuðstóllinn er felldur niður í staðinn. Verðlagning gagna skiptir máli – passa að verðleggja gögnin ekki of lágt. Við verðum að muna eftir allri vinnunni við frágang á gögnunum.

Hólmkell sagði frá reynslu sinni af þessari innheimtu. Við sýndum ákveðið fálæti og gáfumst upp í að sinna þessu. Við viljum helst fá gögnin til baka en ef það er ekki hægt þá er hægt að bæta þau. Viðhorf okkar til safngagnanna gjörbreyttist þegar við hófum samstarf við Intrum.

Pálína. Áttu svolítið erfitt með þetta á Seltjarnarnesi en hertust með tímanum. Gerðu sér grein fyrir því að þau vildu ekki hafa þetta fólk í viðskiptum. Fengu kjarkinn til að fara af stað með rukkið. Þetta er líka ákveðið uppeldislegt atriði. Skiptir ekki mál hvað bókin sem rukkað er fyrir kostaði í upphafi. (Rósubók eða Íslandsatlas.) Einstaklingurinn ber ábyrð á því sem hann fær lánað.

Grétar. Kostnaður er um 500 krónur miðað við hvert eintak – lánþegi greiðir þann kostnað en ekki bókasöfnin.

Sjá glærur Grétars í viðhengi neðst í skjalinu.

11:15-12:00 "Gegnir - hvað er í spilunum?" Sigrún Hauksdóttir Forstöðumaður kerfisþjónustu.

Kerfið er einfaldara og viðmótið er mikið breytt. Á mörgum söfnum þarf að þróa nýtt vinnuflæði. Það þarf að endurgera öll bréf þar sem formin flytjast ekki milli útgáfa. Í kerfinu verða 5 verkþættir í stað 10, t.d. er búið að sameina tímarit og aðföng í einn þátt og útprentanir eru núna í hverjum þætti fyrir sig en ekki í "Verkstjórnun". Engin kerfisstika eða skjástika, meira svo explorer viðmót. Skipt niður eftir litum Gulur er útlán. Skilin eru blá. Lánþeginn er appelsínugulur. Eintökin eru fjólublá. Leitin er græn. (Sniðug hugmynd að litamerka F-takkana). Virknin hefur lítið breyst en verkflæðið hefur breyst. Letrið er smátt og því þarf að vera með stóran skjá (helst 19"). Það er hægt að gera sama hlutinn á svo mismundandi hátt. Núna verður einungis kennd ein leið til að rugla fólk ekki. Núna verður hægt að senda lánþegum tölvupóst og vita hvort hann hefur borist til þeirra... það var ekki hægt að treysta þessu í gömlu útgáfunni.

Tímaáætlun. 15. júlí.

Áætlað er að opna nýja útgáfu Gegnis þann 15. júlí næstkomandi en Gegnir verður lokaður vikuna áður. Þegar kerfið verður lokað þarf að nota ótengd útlán en hægt verður að leita á netinu á www.gegnir.is Það verða sendar út leiðbeiningar fyrir biðlarann fyrir útg. 16.

Það þarf að ákveða á hvaða vél biðlarinn fer. Ekki hægt að nota 14. og 16. útg. á sömu vél. Það þarf að fara yfir allar heimildir og þær verða ef til vill ekki orðnar virkar þegar nýja útgáfan verður tekin í notkun. Hægt er að hringja ef við lendum í vandræðum og senda tölvupóst á hjálpina. Sérfræðingar eru búnir að skoða helstu þætti. Verið er að prófa kerfið og vinna við það. Lágmarksleiðbeiningar verða sendar út fyrir opnun og starfsfólk á að geta framkvæmt helstu aðgerðir. Kynningar og námskeið verða í lok ágúst og september.

Hvað varðar að bæta þjónustu til almenningsbókasafna þá var rætt um að halda nýtt námskeið fyrir almenningsbókasöfn um aðföng og tímarit þar sem hitt námskeiðið þótti of ýtarlegt.

Blindrabókasafn hefur ekki áhuga að vera með, það hefur ekkert gengið að tala við þau.

Umræða um hvort loka eigi söfnunum þegar kerfið liggur niðri. Mikið af villum í ótengdu útlánunum. Er hægt að stoppa á því að fólk skili? Það verður hvert bókasafn að ákveða fyrir sig. Möguleiki á því að Landskerfi taki afrit af skránum sem eru í ótengdu útlánunum til að minnka möguleika á villum.

Fundi slitið klukkan 12:10

Föstudagur 12. maí: Ketilhúsið á Akureyri

Hrafn Harðarson, fundarstjóri 12. maí

Marta Hildur hélt stutta kynningu á/frá skólavefnum. Skólavefur gefur út hljóðbækur. Ætla að fara á fullan kraft að gefa út hljóðbækur, (gefa einnig út Sudoku bækur.)

10:00-11:00 Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur : Býflugur og bókaormar.

Ræddi um framtíð bókarinnar. Þrátt fyrir ýmsar tækninýjungar hefur ekki tekist að ganga að bókinni dauðri. Staða bókmálsins bendir svolítið til þess að framtíð bókarinnar gæti verið ótryggð. Háskólanemendur eiga erfitt með að skrifa fallett mál en tilfinning fyrir málinu kemur með bóklestri. Svo virðist sem nemendur í háskólum hafi ekki fengið mikla þjálfun í að lesa og í þeirra tilfelli á bókinni sér hvorki framtíð né fortíð. Stelpur virðast síður breyta lestrarvenjum sínum en strákar. Börn í dag lesa lítið vegna þess að fullorðna fólk í kring er ekki að lesa. Börn hafa því ekki aðgang að bókum, þau munu því ekki lesa neitt frekar þegar þau verða fullorðin. Börn lesa stutta texta á neti en það er ekki eins og að lesa bók.

Hvað er hægt að gera? Við þurfum að kenna börnum að langa til að lesa – við græðum ekkert á því að láta börn lesa ef áhugann vantar. Staðreyndin er sú að foreldrar hætta of snemma að lesa fyrir börnin - um leið og þau fara að lesa sjálf hættum við að lesa fyrir þau.

Vanmetum ekki hæfileika barna til að njóta lesturs. Við þurfum að passa okkur á alhæfingum, því sumum börnum þykir betra að lesa bókina en að horfa á myndina. Öll okkar umfjöllun er alltaf þrungin fortíðinni. Við lásum allt hér áður fyrr en það eru breyttir tímar. Við ætlumst til að okkar börn geri það sama og þrái það sama. Bókin hefur í okkar huga mikla merkingu. Okkur finnst að bækur eigi að vera sýnilegar og að allir eigi að sjá bækurnar okkar í stofunni en þetta er að breytast. Sjáið bara Innlit-Útlit en það er ekki mikið af bókum og bókahillum þar. Hvað skilaboð sendir þetta fólkinu sem horfir á? Er hallærislegt að eiga bækur? Er meira virði að safna dýrum og fínum mublum? Við þurfum að skapa börnum tækifæri til að lesa (letipúkast) og reyna að kenna þeim að njóta bókarinnar.

Umræður:

Hólmkell spyr hvort kennaranemar séu látnir lesa afþreyingu? Ekki allir, það er hægt að komast í gegnum kennaranámið án þess að þurfa að fara í bókmenntaáfanga og það er mjög lítið um það að nemendur séu látnir lesa afþreyingu í námi.

Sunna: Finnst vanta samstarf milli bókasafna og kennara. Kennara kunna oft ekki að nota skólabókasöfnin og kennurum er ekki kennt að fara með nemendur sína á bókasöfnin.

Almenn umræða: Það vantar inn í kennaranámið að nemendur læri að nota almenningsbókasöfn, þetta er hópur sem er óvanur bókasafnsnotkun. Talað um að kennarar séu verstu notendur bókasafna því þeir noti bókasöfn svo lítið.

11:00-12:30 Chris Batt: Forstjóri MLA í Bretlandi

Talar um framtíð bókasafnanna í Bretlandi. Hans verk er að móta stefnu fyrir söfn í landinu. Hvar byrjum við, hvar erum við núna og hver er framtíðarsýn bókasafnanna.

Þjónusta er aukin og bætt með því að gera staðla fyrir bókasöfn og með því að vinna með öðrum fagaðilum á öðrum söfnum. Allir yfirmenn bókasafna fara á námskeið (Leadership development program). Það þarf að leggja áherslu á að breyta ímynd safnanna og þeirra sem móta stefnuna. Nota útvarpsauglýsingar eða gefa út bæklinga og passa að allir gefi frá sér sömu skilaboðin. Bókasöfn eru hjarta samfélagsins. Stjórnvöld leggja til peninga til þess að þróa og byggja ný almenningsbókasöfn. Dæmi um nýtt verkefni: Skírteini getur veitt aðgang að ýmsum gagnagrunnum. Hvar sem er í heiminum ekki endilega inni á bókasöfnum heldur inn á ýmsum stofnunum og fyrirtækjum.

Framtíðarsýnin er sú að fjárfesta í þekkingu. Markmið Tony Blair þegar hann tók við sem forsætisráðherra var að koma á fót þekkingarsamfélagi og hann vildi að Bretland yrði "The world's leading knowledge economy" árið 2007. Þekkingarsamfélag þarf að vera fyrir alla!

Það er ekki mikið mál né dýrt að kaupa bók í dag. 3 bækur á verði 2 og svo kaup á netinu.

Fleiri hafa efni á því að kaupa bækur í dag en áður fyrr og bækur eru aðgengilegri, t.d. í gegnum amazon og e-bay. Fyrir 30 árum las fólk sem ferðaðist með lestum til og frá vinnu bækur - flestir voru að lesa bókasafnsbók en nú er fólk að lesa blað eða kilju eða að hlusta á i-pod, tala í síma eða nota fartölvu. Mynstrið hefur breyst mikið og bókasafnsnotkun hefur breyst. Heimsóknum hefur fjölgað á bókasöfn í Bretlandi en minna lánað út.

The three library model:

1. hluti "Community place"

hlutlaus staður fyrir alla og það er ekki nauðsynlegt að vera notandi. Þegar farið er á bókasafnið hefur maður aðgang að meiru en því sem er á staðnum, t.d. netinu þar sem hægt að skiptast á upplýsingum.

2. hluti: "Libraries changing lives"

Sú þjónusta sem bókasafnið býður upp á, t.d. heimsendingar og leshópar. Safnið býður upp á þjónustu við samfélagið og er nokkurs konar umboðsmaður – t.d. með því að styðja við lestrarkennslu.

3. hluti. "The virtual space"

Almenningsbókasöfn verða að vita hver staða þeirra er netinu. Upplýsingum frá bókasöfnum er treyst best! Fólk notar Google mikið án þess að vita hvað er á bakvið upplýsingar – það verður að fara varlega í að treysta upplýsingum sem finnast á netinu og það getur verið erfitt að finna upplýsingarnar sem mann vantar.

Myberspace – búa til grunn fyrir notendur þar sem þeir hafa aðgang að þeim upplýsingum sem vantar og skilar niðurstöðu með því að hafa starfsmenn bókasafna sem svara fyrirspurnum. Kemur ekki í stað venjulegs bókasafn því þú færð bara ábendingar um það hvar upplýsingarnar er að finna en ekki upplýsingarnar sjálfar.

Hver er þá niðurstaðan?

Við viljum upplýsingar en hvernig virkjum við borgarana til að nálgast þær? Með því að læra alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi og tengja saman hinar ýmsu stofnanir og þekkingu inn í daglegt líf. Gera aðgengi auðvelt og eitt skírteini fyrir öll söfn. Við þurfum að hjálpa fólki að læra og það þarf að hanna kerfi fyrir notendur en ekki öfugt! Þurfum að hanna fyrir almenning en ekki sérfræðingana!

Boðorðin 7 fyrir bókaverði á 21. öldinni.

1. Librarians must love learning – þekkingin er grunnurinn
2. Librarians must build bridges – nálgast nýja notendahópa
3. Librarians must like people – fólkið hefur forgang

4. Librarians must be innovators – vera með fingurinn á púlsinum
5. Librarians must have passion – ef við tölum ekki af ástríðu, hverjir gera það þá?
6. Librarians must be leaders information management – þekkingarsamfélagið þarf leiðtoga
7. Librarians must be dreamers – leysa þrautir á hverjum degi

Glærur Chris Batt eru í viðhengi neðast á síðunnu

11:00-12:30 Adie Batt yfirlit yfirbókavörður í Croydon

Bókasöfn snúast um meira en bækur og í Croydon koma fleiri í heimsókn en minna fengið að láni. Við þurfum að passa að það sé gefið út efni sem fólk vill lesa og sýna fólki fram á að það er meira hægt að gera á bókasöfnum en að fá bók lánaða og kynna það sem við höfum upp á að bjóða. Við verðum að halda áfram með það sem við gerum vel en líka að huga að framtíðinni. Lestur er að verða mikilvægari með degi hverjum.

Bókasöfn eru að veita öllum þeim sem ekki hafa aðgang að tölvum heima, aðgang að t.d. bæjaryfirvöldum. Þetta er mjög gott að nota á bæjaryfirvöld. Allir sem eru notendur bókasafnsins fá pin-númer og geta farið í tölvu og unnið þar. Þau veita einnig aðgang að upplýsingum sem varða bæjarfélagið eins og myndum og ættfræði svo eitthvað sé nefnt.

Bókasöfn hafa mjög breiðan notendahóp og við sjáum það best þegar við göngum um safnið okkar. Þar er að finna efni á ýmsum tungumálum. Notendur af erlendu bergi brotnu koma saman og velja safnefni fyrir sig.

Upplýsingamiðstöð bæjarfélagsins er farin að svara upplýsingum um bókasöfnin, t.d. um afgreiðslutíma og getur endurnýjað fyrir lánþega. Fólk getur leitað á netinu og lánað sér sjálf en það kemur hvergi fram í tölulegum upplýsingum safnsins. Þess vegna eru tölurnar um notkun ekki réttar og það þurfa stjórnvöld að skilja

Í framtíðinni ætla þau að fara af stað með kynningar í samstarfi við aðrar stofnanir. Þau ætla líka að fara af stað með könnun þar sem notendur fá tækifæri til að tjá sig um bókasöfnin.

BookSTART. Samstarf milli bókasafna og heilbrigðisþjónustunnar: þegar barn fer í 8 mánaða skoðun er því gefið bókasafnspoki með bókum og bæklingum og það boðið velkomið á bókasafnið. Þetta hvetur börn og foreldra að lesa saman og skoða bækur. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel en ríkisstjórnin borgar fyrir pokana en starfsfólk safnanna sér um að dreifa þeim og söfnin borga fyrir það.

Wiggle & jiggle. Leikstundir fyrir 1-18 mána börn sem fela í sér leik og dans og bókum er fléttað þar inn í.

Þessi verkefni ganga ekki nema stjórnvöld séu með. Það þarf að búa til áætlanir og það er mikilvægt að starfsfólk sem jákvætt í garð þessa verkefna. Þetta er mikil vinna fyrir starfsfólk bókasafnanna. Starfsfólk hefur áhrif á það hvernig fólk lítur á bókasöfn.

Glærur Adie Batt eru í viðhengi neðast á síðunnu,

13:30-15:30 Heilabyllur (brainstorming) félagsmanna um styrk og veikleika íslenskra bókasafna út frá fjórum meginþáttum:

- Hefðbundinn safnkostur
- Stafræn gögn
- Húsnæði og búnaður
- Starfssvið bókavarda

Fólkið var beðið um að segja eitthvað eitt um styrkleika og eitt um veikleika varðandi stafræn gögn, hefðbundinn safnkost, húsnæði og búnað, og starf bókavarda. Þessar glósur voru settar á fjögur blöð, fólkinu var svo skipt upp í fjóra hópa og fékk hver þeirra eitt blað til umfjöllunar, þar sem þau áttu að vinna að því hvernig væri hægt að fækka viðkomandi veikleikum og fjölga styrkleikum.

16:00-16:50 Framlagn hugmynda og ákvörðun um framhald.

Hópur 1 - Óskar Guðjónsson talsmaður

Störf bókavarda. Okkur var tíðrætt um nám, með tilliti til mismunandi stiga bókavarda. Fagleg einangrun er oft og tíðum mikil, við viljum sjá meira af fjarnámi (nám og endurmenntun), sem er mikilvægt fyrir söfn úti á landi – því fjárveitingar eru þar oft af skornum skammti. Skilnings- og sinnuleysi sveitastjórnarmanna virðist mikið gagnvart bókasöfnunum. Fræða þarf sveitarstjórnarmenn um gildi og hlutverk bókasafna í nútímasamfélagi. Nota maður á mann aðferðina, fræðslufundi, skrif, vera með talsmann ... aðalatriðið er að gera eitthvað! Ef ekki við, hver þá? Varðandi nám og endurmenntun, þá gæti fjarfundabúnaður verið möguleg lausn, til að varpa til bókasafna á landsbyggðinni sem mörg hver eru (eða ættu að vera) að byggjast upp sem fjarkennslumiðstöðvar. Vandinn er sá að fjarfundabúnaður virðist vera af skornum skammti í Landsbókasafni/Borgarbókasafni. Sveitafélögin búa betur, þessu þarf að koma á framfæri. - Lögðum mikið upp úr menntunarmöguleikum bókavarda. Varðandi starfið sjálf: þetta er mjög skemmtilegt og eftirsóknarvert starf. Eftir því sem söfnin nútímavæðast og tæknivæðast meira, þá verður fjölbreytileiki starfsfólks meiri. Ímyndin var rædd fram og tilbaka, hún er nokkuð sterk og hefur eflst á undanförunum árum. Launin mættu vera betri. Fólk virðist hugsa vel til bókasafnanna og hafa mikla tiltrú á þeim. Samt eru ákveðnir þættir innan safnanna sem mætti huga að og þar er t.d. þjónustulundin stórt atriði. Samvinna mætti vera meiri, félagslega er hún ágæt en vinnulega mætti hún vera meiri. Svæðissamvinna væri fín hugmynd. Punchline þessa hópastarfs var: Viðurkenning samfélagsins: "So where do you find a researcher who is intelligent, imaginative, skilled in the use of computers, devoted to discovering the truth, and knowledgeable about science, technology, history, and literature, and who usually works for dirt and gets credit for nothing." (James Lee Burke – Last Car to Elysian Fields) [Óskar flutti svo english summary af punktunum]. Hólmkell: Lykilorðin úr þessari umræðu væru því: menntun, samvinna og ímynd.

Hópur 2 - Sunna Njálisdóttir og Guðrún Kr. Jónsdóttir talsmenn :

Stafræn gögn. Sameiginlegur staðall til að vinna efni, verði sett inn í miðlægan og leitarbæran gagnagrunn sem haldi utan um hugmyndavinnu bókasafna landsins. Þetta er til hjá flestum öðrum þjóðum en okkur. Háhraðatengingar nauðsynlegar. Rafræn gögn munu verða æ stærrí hluti af safnkosti í framtíðinni, í gegnum vefinn eða með staðbundnu efni. Þjónustan (persónuleg) verður einnig rafræn (rafræni hlutinn stækkar), bókasafnið verður þannig aðgengilegt allan sólarhringinn. Það þyrfti að taka tíma fyrir hvern starfsmann til að læra á tæknina og gögnin. Framkvæmd sameiginlegra bókasafnsmála verður að eiga sér einn starfsmann, t.d. ríkisbókavörð. Við erum að færa okkur svolítið út fyrir Ísland. Gera hlekki á erlend dagblöð fyrir viðskiptavinum sem tala önnur tungumál en íslensku. [Guðrún flutti english summary]. Hólmkell: Lykilorðin úr þessari umræðu væru: einföld notendaskil, menntun, hvað með framleiðslu á stafrænu efni? (Við erum svo fá og gefumst upp... t.d. með Vefbókasafnið). Umræða úti í sal: vantar eina sameiginlega gátt fyrir söfnin (www.bokasofn.is ... t.d., en sú gátt (nafn) er í einkaeign).

Hópur 3 - Hulda Björk Þorkelsdóttir talsmaður :

Húsnæði og búnaður. Það má skipta þessu upp í þrennt. Lykilatriðið er það að vinna úr veikleikum og gera þá að styrkleikum. Í fyrsta lagi þarf að auka skilning yfirvalda á mikilvægi bókasafna. Margt myndi leysast með því, við þurfum að tala fyrir hönd stofnananna okkar gagnvart sveitarstjórnunum – talsmaður. Starfsmenn hafi þannig áhrif á notagildi og staðsetningu húsnæðis. Í öðru lagi (og á meðan fyrri markmið er að nást) þurfum við að ræða um innri skipulagsmál. Við gætum valið búnað sem er sveigjanlegur og færanlegur til að búa til nauðsynleg rými. Skipuleggja húsnæðið eins og hægt er út frá mismunandi hópum, s.s. börn og unglingar. Í þriðja lagi þurfum líka að horfa öðruvísi á safnkostinn okkar – þurfum nýja sýn. Ekki hafa allar bækur til sýnis, vera dugleg að grisja og setja í geymslur eða farga. Söfnin þurfa að vera aðgengilegri, við megum ekki vera of bundin Dewey kerfinu í röðun, þurfum að endurskoða uppröðun með tilliti til þarfa viðskiptavinarins frekar en starfsfólksins. Það vantar ekki eldmód í starfsfólkið en við þurfum stuðning. Við eigum að eyða meiri tíma og kröftum í að sannfæra þá sem ráða. Þurfum að vera með söfn þar sem er hátt til lofts og vítt til veggja, unaðsreit þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. [Hulda flutti svo english summary af punktunum]. Hólmkell: Mjög mikilvægt þetta með rýmið, söfnin þurfa að vera staður þar sem fólk hangir. Bókasafnið á að vera staður þar sem fólk hittist, ekki endilega til að fá bækur heldur að vera innanum bækurnar, vera í þessum unaðsreit. Þetta með sameiginlega bókasafnskortið þurfum við að taka upp aftur.

Hópur 4 - Barbara Guðnadóttir talsmaður:

Hefðbundinn safnkostur. Hefðbundinn safnkostur er allur ápreifanlegur safnkostur. Veikleikarnir: 1) hann er gamaldags, en við þurfum bara að sýna fram á að það sé styrkur í þessari hefð, örvar ímyndunaraflíð.... stuðlar að raunverulegu læsi. Það þarf að setja bækur í nýtt samhengim vekja athygli á innihaldi bóka og draga áhugaverðar gamlar bækur fram í dagsljósið. Grisjun er nauðsynlegur þáttur til að sporna gegn því að safnkostur verði gamaldags. 2) Minnkandi

lestur er veikleiki og hvernig getum við komið í veg fyrir það? Við reynum með ýmsum leiðum (sumarlestur, leshringir, kynningar, viðburðir sem tengjast bókum o.fl.). Góðar hugmyndir hafa komið fram eins og BookStart, gjafabækur til barna. 3) Skortur á góðu framboði fræðibóka og 4) einhæfni í höfundavali/skortur á íslensku efni. Við getum reynt að hafa áhrif með því að hafa samband við útgefendur, starfsfólk bókasafna veit hvaða bækur vantar. Það þarf að koma þessum upplýsingum á framfæri og vera með jákvæða áskorun til útgefenda. Samstarf við þá er æskilegt. 5) Það er skkortur á mörgum endurútgáfum ... við getum reynt að hafa áhrif þar líka með því að hafa samband við útgefendur. 6) Þarf stefnu í uppbyggingu safnkosts, nauðsynlegt að söfnin setji sér slíka stefnu (vitnaði í námskeið í haust...). 7) Dewey er úreltur! Kannski ekki endilega en það þarf ekki að binda sig eingöngu við Dewey í uppröðun – losum okkur undan oki hans, brjótum hann upp og verum óhrædd við að endurraða. Fólk vill gramsa og uppgötva. 8) Offjölgun – látum ekki gömlu bækurnar skyggja á nýtt efni og daga uppi. Grisjun er nauðsynleg, gefum bókunum vængi. 9) Ranglega staðsettur safnkostur getur verið galli, en þetta gæti leyst með því að brjóta upp og breyta til. 10) Skylduskil vs. grisjun. Söfn þurfa að ákveða hvað þau vilja geyma og hverju þau vilja farga. Einungis tvö söfn hafa geymsluskyldu. Móta þarf stefnu um grisjun. Við erum ekki bókminjasöfn! 11) Fæla bókasöfnin stráka frá? Það þarf að vera kúl að lesa, fáum Beckham, Eið Guðjohnsen eða Silvíu Nótt til að auglýsa bókasöfn / lestur (þekktar fígúrir). Mjög nauðsynlegt er að reyna að ná í pabba, til að fá þá til að lesa eitthvað fyrir börnin. ----- Ekki eru allir foreldrar vel læsir, og við þurfum bara að kenna þeim það. Námskeið fyrir foreldra til að lesa fyrir börnin sín – á okkar vegum? Náum til krakkanna nógu snemma. Nýtt slagorð: Líf er púl – lestur er kúl! [Hrafn las upp english summary á punktunum: „give the books wings to fly“...]. Hólmkell: síðustu tveir hópar virðast hafa talað meira um gæði heldur en magn (sbr. grisjun og Dewey-okið). Skiptir máli að fara hugsa meira um hvernig bókasafnið geti verið skipulagt meira fyrir gestina en starfsmennina. Varðandi drengi og bókasafn, skoðið þá bókasafnið Tían í Finnlandi. (Úr sal: safnkostur þessa safns er sérstakur). Hólmkell: skiptir það ekki máli hver er hinum megin við borðið? (Guðrún úr sal – Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir var á námskeiði/fyrirlestri varðandi unga drengi og bókasöfn). (úr sal: að kenna fólki að lesa fyrir börnin sín væri um leið að vera að kenna þeim mögulega sjálfum að lesa..... – úr sal: setja inn á vefinn áhugavert efni fyrir okkur, benda á vefsíður fyrir áhugavert efni.) Hólmkell: varðandi talsmanninn, skoraði hann á að Hulda sendi formlegt erindi. (úr sal: Kynningarátak, við getum gert svo margt ef við leggjum saman krafta okkar (ath. Upplýsing....))

Chris Batt kom með umsagnir:

1st group: the library as a worker. Number of issues: one of the problems is that it is often difficult to divide the services' work. Whole process of coming together has to be an important step on how to develop the vision, lobbying, the people that matter ... you got to work out the story yourself, you got to make it happen. The image of the library... identify champions known to the public, get a famous person to chair a meeting, sign a book... get a number of known people to promote libraries. if the technology doesn't work, it's easy to produce CD-ROMs. Spread the learning opportunities ... cooperation is very important. – What are the skills needed by the librarian, knowledge-worker, in the 21st century?? You have to help those who develop the courses ... to produce what you believe what is needed in the future. See what is taking place elsewhere.

2nd group: digital/online services. “The really good thing about standards, is there are so many to choose from.” We have to find a way to inhabit the technological world where we aren't the only players... in the world of online services we have big players and we have to be quite careful in being a part of this game... it's not only the standards, but the architecture you construct. You got to have the content and tools to harvest the content ... for the service presented to the user. International landscape: you need to be a part of that. The gateway ought to be important, the risk of start of something and not being able to finish it is big I would suggest a discussion about this ... demonstrate to policy-makers successfully.

3rd group : library buildings: the main thing is to lobby for libraries and then many of the other problems go away. It's a critical statement. “Lobbying” sounds like something “personal”... if you can't speak up for what you want, why should you expect anyone else too? The critical part must be about recognizing ... the public library as a community place. You should expect to find in every community: bank, post office ... and whole other range of institutions ... there is a really strong message about the public library being the part of the community – it is the brain of the community (powerful message).

4th group : the traditional services. I like the phrase “Give the books wings to let them fly...” – books are wonderful engineering. You don't need a technical manual to see how the books operate...there are many reasons for cherishing the book. (King Kanute..) What would life be like in 15-20 years time (in relation with books...). Books have a great future, but we are moving from an environment with few medium into the multi-medium environment.... whatever the medium, we have to have courage to give the books wings to fly – but we have to understand where we want them to

fly to. "When does the library become museum?" □ we have to consider this carefully. Boys reading books, champions... known people... promoting books with role models. Doesn't have to cost money, just find the right person... (twist their hand to do it...).... We are all facing the same issues. This is the time for action. If you wait to see what happens, other people will take over. The monopoly is changing, we need to take action to demonstrate value. Look outside and make judgments... it is not safe to sit back. Think about the results if you would do nothing. It won't happen without action. You don't have to conquer the world to start with, you have to decide what you want to do: PROMISE LOW, DELIVER HIGH!

Hólmkell: Hvað eigum við að gera? Stefnumótunarnefnd Upplýsingar ætti að fá það sem kemur út úr þessu hjá okkur. Hvernig er hægt að ná því sem við höfum verið að tala um í dag? (úr sal: sameiginlegt kynningarátak almenningsbókasafna á landinu). Hólmkell: Við þurfum að hafa skýra sýn en við þurfum líka að hafa peninga. Getum við farið af stað með verkefni (þróunarsjóður bókasafna), hverjir gætu tekið að sér þróunarverkefni og hætt á meðan að reka bókasafn? Hólmkell á von á fjölda bréfa í næstu viku með hugmyndum (32 bréf).
Niðurstöður hópa eru einnig í viðhengi neðst í skjalinu.

17:00 Fundarslit

Hólmkell þakkaði öllum fyrir komuna og fyrir fundinn, og sleit fundi kl. 17:06.

Þátttakendur á vofundi SFA á Akureyri 10.-12. maí 2006

Anna Sigríður Einars. Bókasafni Hafnarfjarðar
Anna Torfadóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur
Áslaug Bjarnadóttir Bókasafn Hrunamanna
Áslaug Óttarsdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur
Barbara Guðnadóttir Bæjarbókasafn Ölfuss
Dóra Thoroddsen Borgarbókasafn Reykjavíkur
Dóra Þorsteinsdóttir Héraðsbókasafn Skagafjarðar
Elín Kristjánsdóttir Bókasafnið á Húsavík
Erla Kristín Jónasd. Borgarbókasafn Reykjavíkur
Gerður Jóhannsdóttir Bæjarbókasafn Sandgerðis
Guðný Svavarsdóttir Menningarmiðstöð Hornafjarðar
Gunnhildur Kristjánsd. Héraðsbókasafn Rangæinga
Halldóra Jónsdóttir Bókasafn Akraness
Hlíf S. Arndal Bókasafnið í Hveragerði
Hólmkell Hreinsson Amtsbókasafnið á Akureyri
Hrafn Andrés Harðarson Bókasafn Kópavogs
Hulda Björk Þorkelsd. Bókasafn Reykjanesbæjar
Jóhann Hinriksson Bókasafn Ísafjarðar
Lilja Ólafsdóttir Borgarbókasafn Reykjavíkur
Margrét Aradóttir Bókasafn Eyjafjarðarsveitar
Margrét R. Gísladóttir Bókasafn Grindavíkur
Margrét Sigurgeirsd Bókasafn Kópavogs - Lindasafn
Marta Hildur Richter Bókasafn Mosfellsbæjar
Nanna Þóra Áskelsdóttir Bókasafn Vestmannaeyja
Oddný H. Björgvinsd. Bókasafn Garðabæjar
Óskar Guðjónsson Borgarbókasafn Reykjavíkur
Pálína Magnúsdóttir Bókasafn Seltjarnarness
Sigurlaug Stefánsdóttir Bókasafn Dalvíkur
Sigurlína Sigurbjörnsd. Amtsbókasafnið í Stykkishólmi
Stefanía Gísladóttir Bókasafn Öxarfjarðar
Sunna Njálisdóttir Bókasafn Grundarfjarðar
Sævar Ingi Jónsson Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Fyrirlesarar og gestir

Grétar Eggertsson Intrum á Íslandi

Sigrún Hauksdóttir Landskerfi bókasafna

Brynhildur Þórarinsd. Bæjarlistamaður Akureyrar

Chris Batt forstjóri MLA Englandi

Adrianne Batt yfirbókavörður í Croydon